

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/716****2020/EES/16/08**

frá 11. maí 2016

**um niðurfellingu framkvæmdarákvörðunar 2012/733/ESB um framkvæmd reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 að því er varðar afgreiðslu atvinnutilboða og
atvinnuumsókna og endurreisn EURES-netsins***(tilkynnt með númeri C(2016) 2772) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011 um frjálsta för launafólks innan Sambandsins ⁽¹⁾, einkum 38. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 ⁽²⁾ kemur í stað reglurammans um EURES-netið sem settur er fram í II. kafla reglugerðar (ESB) nr. 492/2011.
- 2) Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/733/ESB ⁽³⁾ er mælt fyrir um ítarlegar reglur um starfsemi vinnumiðlunarnets Evrópu („EURES-netsins“), einkum að því er varðar afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna.
- 3) Í reglugerð (ESB) 2016/589 er mælt fyrir um nýjar reglur um afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna og EURES-netið endurreist með því að samþætta alla þætti sem framkvæmdarákvörðun 2012/733/ESB tekur til.
- 4) Framkvæmdarákvörðun 2012/733/ESB ætti af þeim sökum, í þágu réttarvissu og skýrleika laga, að fella úr gildi í síðasta lagi á gildistökuþingi reglugerðar (ESB) 2016/589.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarákvörðun 2012/733/ESB er felld úr gildi frá og með 12. maí 2016 sem er gildistökuþingur reglugerðar (ESB) 2016/589.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. maí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Marianne THYSSEN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 125, 13.5.2016, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 302/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á V. viðauka við EES-samninginn (Frelsi launþega til flutninga) og bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 14, 5.3.2020, bls. 52.

(1) Stjttíð. ESB L 141, 27.5.2011, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 frá 13. apríl 2016 um evrópskt vinnumiðlunarnet (EURES-netið), aðgang starfsmanna að þjónustu vegna hreyfanleika og frekari samþættingu vinnumarkaða og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) nr. 1296/2013 (Stjttíð. ESB L 107, 22.4.2016, bls. 1).

(3) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/733/ESB frá 26. nóvember 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 að því er varðar afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna og endurreisn EURES-netsins (Stjttíð. ESB L 328, 28.11.2012, bls. 21).